

**112** hans umsjón skulu vera legufestar hafnarsjóðs, bryggjur og önnur mannvirki  
2. des. hafnarinnar.

Hafnsögumaður leiðbeinir skipum í og úr höfn.

Bæjarstjórn getur bætt við starfi eða fellt niður starf, án þess að samþykkt þessari þurfi að breyta.

Öllum starfsmönnum kaupstaðarins ber að haga sér eftir reglum þeim, er settar eru í samþykktum kaupstaðarins eða reglugerðum og erindisbréf-um þeirra

Bæjarstjórn ákveður laun starfsmanna kaupstaðarins.

Að hve miklu leyti starfsmenn kaupstaðarins fá eftirlaun, er þeir af-sala sér starfi því, er þeim hefir verið falið, er komið undir ákvörðun bæjar-stjórnar í hvert skipti, þar til settar hafa verið fastar reglur um eftirlaunarétt starfsmanna kaupstaðarins og eftirlaunasjóði komið upp.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmál-efna Vestmannaeyjakaupstaðar, frá 1. maí 1919.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir gert samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hérmeð staðfest.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. desember 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**113** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ekknasjóð Suður-  
5. des. eyrarhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 5. desember 1930. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ekknasjóð Suðureyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Ekknasjóður Suðureyrarhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 500,00 — fimm hundruð króna — fram-lagi frá Suðureyrarhreppi.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Kr. 250,00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur — á ári, er greiðast úr hreppsjóði Suðureyrarhrepps hinn 31. ágúst árlega. Enn fremur gjafir og áheiti er sjóðnum kunna að berast.

113  
5. des.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000,00 — tíu þúsund krónur — má verja  $\frac{1}{3}$  — einum þriðja — vaxta hans samkvæmt tilgangi sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 15 þúsund kr. má verja tveim þriðju hlutum vaxtanna og þegar hann er orðinn 20 þúsund kr. má verja öllum vöxtunum.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja sjóðinn að nokkru eða öllu leyti í Landsbanka Íslands, ef hún telur það tryggara.

## 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja bágstaddar ekkjur, svo og munaðarlaus börn til 15 ára aldurs, sem stjórn sjóðsins álitur styrkþurfa. Rétt til styrks úr sjóðnum hafa þeir sem eiga lögheimili í hreppnum. Það er á valdi stjórnar sjóðsins hve margir hljóti styrk í hvert skipti og skulu þeir ávallt ganga fyrir sem bágstaddastir eru.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skal kjósa tvo þeirra á almennum hreppsfundi til fjöggra ára í senn, og gangi annar úr nefndinni á tveggja ára fresti, í fyrsta skipti eftir hlutkesti, en sóknarprestur Staðarsóknar er sjálfkjörinn. Stjórn sjóðsins skipti með sér störfum.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins geymir eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hún skal halda gerðabók um styrkbeiðnir og styrkveitingar og birta hreppsbúum reikning sjóðsins árlega.

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, að öðru en því er snertir tilgang sjóðsins, ef tveir þriðju fundarmanna á almennum hreppsfundi samþykkja.

## 9. gr.

Tilgangi sjóðsins verður ekki breytt, nema þrír fjórðu hlutar atkvæðisbærra hreppsbúa samþykki, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrirtækja eða framkvæmda innan hreppsins.

113  
5. des.

10. gr.

Leita skal komunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari. Framanrituð skipulagsskrá var þannig samþykkt á almennum lögmaetum hreppsfundi hinn 17. ágúst 1930.

Í hreppsnefnd Suðureyrarhrepps.

Örnólfur Valdimarsson. Friðbert Guðmundsson.  
(oddviti).

Friðrik Hjartar. Kr. A. Kristjánsson.

114  
15. des.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

### I. KAFLI.

*Takmörk hafnarinnar.*

1. gr.

Hin löggilta höfn Hafnarfjarðarkaupstaðar nær yfir skipalægi fyrir innan línu þá er hugsast dregin úr Balakletti í yztu odda Hvaleyrarhöfða. Hafnar-  
garðar skipta höfninni í ytri og innri höfn.

### II. KAFLI.

*Stjórn hafnarinnar.*

2. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.